



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

7. árgangur 7. töl.

Ágúst 2010



Í sumar hefur aðstaðan verið bætt enn frekar í Þjorsárdals-skógi eins og sjá má af þessum myndum.



19. júní 2010!

Vegna þrálátrar hestapestar var ákveðið að fara í kvennagöngutúr í stað reiðtúrs þann 19. júní sl. Þátttakendur í kvennagöngunni voru samtals 8 og gengu í blíðskapar veðri um Þjórsárdalsskóg. Að göngu lokinni átti hópurinn notalega stund á pallinum hjá Þóru í Haga ☺

Næstu nefnd 2011 skipa: Berglind í Gunnbjarnarholti og Meike í Glóruhlíð ☺ (til vara er Sigríður Björk Steinsholti).

Með bestu kveðju frá nefndinni 2010.

Sigríður Björk Steinsholti og Bolette Hæli.



f.v. Unnur Lís,
Sigríður Björk,
Bente, Milla,
Bolette og
Meike.
(Jóhanna Höeg
tók myndina).

Á pallinum hjá
Þóru í góðu
yfirlæti☺





Þjórsárskóli

Skólavistun

Skólavistun Þjórsárskóla er í boði fjóra daga vikunnar, þ.e. mánudaga til fimmtudaga frá skólalokum og til kl. 17. Boðið verður upp á akstur í Brautarholt í lok dags ca. milli 16 og 17. En það fer eftir skráningum og þörf. Þeir sem óska eftir skólavistun fyrir börn sín skólaárið 2010-2011 sendi tölvupóst til umsjónarmanns skólavistunar Bryndísar Baldursdóttur á netfangið bryndis@thjorsarskoli.is eða til skólastjóra á netfangið inga@thjorsarskoli.is. Við skráningu þarf að koma fram nafn barns, vistunardagar og tími hvers dags og hvort barnið nýti sér akstur í Brautarholt. Mikilvægt er að fá skráningu sem fyrst vegna skipulagningar. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans www.thjorsarskoli.is

Skólasetning

Skólasetning Þjórsárskóla fer fram í sal skólans miðvikudaginn **25. ágúst kl. 15:00**. Foreldrar eru hvattir til að mæta með nemendum þennan fyrsta dag en ef óskað er eftir akstri milli heimilis og skóla þá hafið samband við skólann í síðasta lagi daginn áður og látið vita. Nemendur hitta kennara þennan dag, fá afhentar stundatöflur, ýmsar hagnýtar upplýsingar og farið verður yfir skipulag fyrstu skóladagana sem verða í skóginum. Áætluð heimferð er um kl. 16:00.

Innkaupalisti

Á heimasíðu skólans er að finna innkaupalista fyrir alla hópa.

Með kveðju.

Ingibjörg María

Skólastjóri

Frá félagsmiðstöðinni Zero ☺

Nú þegar líður að upphafi nýs starfsárs viljum við þakka öllum þeim sem tóku þátt í starfi síðasta vetrar en þátttakan var langt umfram væntingar.

Einnig viljum við þakka umsjónarmönnum félagsheimilanna, starfsmönnum Þjórskóla og þá sérstaklega skólastjóranum knáa, Steinunni umsjónarmanni Neslaugar og starfsmönnum hreppsskrifstofunnar fyrir frábært samstarf, ólýsanlega hjálpfýsi og greiðvikni. Það er gaman að geta haft starfsemina dreifða milli byggðarkjarnanna og kryddar það einnig starfið. Í vetur verður þetta gert enn frekar og verður til dæmis stærsti viðburður vetrarins, söngkeppnin eða Zerohátíðin haldin í Árnesi.

Áfram heldur þakkarræðan og nú er komið af Foreldrafélagi Flúðaskóla og Björgunarfélaginu Eyvindi, en bæði félögin komu að gæslu í almennu starfi og á viðburðum, þökkum við þeim fyrir samstarfið og sömuleiðis öllum þeim sem unnu við gæsluna! Með foreldrafélaginu höldum við einnig grímuball, sem reyndist bráðsniðug og skemmtileg hugmynd og vonandi verður framhald á.

Ekki má gleyma Kaffihúsinu Grund, Kaffi-Sel og Kvenfélagi Hrunamanna sem hafa veitt kærkomna styrki til uppbyggingar starfseminnar á fyrstu starfsárum, takk fyrir okkur!

Opnunartímar í vetur

23.-31. ágúst

Mánudaga kl. 15-18

Þriðjudaga kl. 15-18 / 20-22

frá 1. september

Mánudaga kl. 15-18

Þriðjudaga kl. 15-18 / 20-22

Miðvikudaga kl. 11-13 / 15-18 / (18-21)*

Fimmtudaga kl. 15-18 / 19-22

Föstudaga kl. 12-18** / 20-23***

* 10-12 ára, auglýst sérstaklega

** annan hvern föstudag

*** 1 x í mánuði fyrir 13-16 ára / 1x í mánuði fyrir 16 +

Nokkrir viðburðir á næstunni:

Opunarflipp, 23. ágúst kl. 15:00

Staðsetning: félagsmiðstöðin

Grill, tónlist og útileikir

Kynningarfundur, 2. september kl. 19:00 í Flúðaskóla.

Staðsetning: Flúðaskóli

Kynning fyrir unglingana á starfi vetrarins og svo munu frambjóðendur til unglingaráðs halda framboðsræður. Akstur frá Árnesi og Brautarholti, heimferð kl. 20:00

Kynning á Stíll, 3. september kl. 16:00

Staðsetning: félagsmiðstöðin

Kynning á fatahönnunar, fördunar og hárgreiðslukeppni Samfés, Stíll og ákveðið hvort Zero taki þátt í ár.

Kynningarfundur fyrir foreldra, 6. september kl. 20:30

Staðsetning: Félagsheimilið Brautarholti

Farið yfir helstu atriði og áherslur í vetrarstarfinu og starfsemi félagsmiðstöðva ásamt umræðum í lokin. Kaffiveitingar ;)

Námskeið – Ungt fólk í Evrópu

Í haust mun ungu fólk og þeim sem starfa í æskulýðsstarfi standa til boða námskeið þar sem kynnst má styrkjaáætlun Evrópusambandsins og hvernig má nálgast fjármagn þaðan. Einnig verður farið í tækni í skipulagningu og framkvæmd verkefna, viðburða og annars æskulýðsstarfs og reynt að þróa nokkur verkefni með þarfir svæðisins í huga. Nánar auglýst síðar.

Í haust verður opnuð ný og endurbætt vefsíða með ítarlegum upplýsingum um félagsmiðstöðina og dagskrá hvers mánaðar. Þar verður einnig að finna árskýrslur fyrri ára. Um miðjan september verður gefinn út bæklingur þar sem finna má upplýsingar um starfsemi Zero og annað frístundastarfi á svæðinu.

Frístundastrætó

Eins og áður verður akstur á milli Árness, Brautarholts og Flúða vegna kvöld-opnananna á fimmtudögum. Einnig er skipulagður akstur í kringum stærri viðburði *Hægt að fylgjast með áætlun hvernar viku ásamt öðru starfi Zero á www.zero.fludir.is* Njótið síðustu sumardagana,

Hjalti Sigurðsson, forstöðumaður Zero

Flúða Taxi



Sími 893 1462



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3 sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00,

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:

856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán

Fyrsti fundur nýkjörinnar hreppsnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps haldinn í Árnesi þann 15. Júní kl. 13.00.

Mætt voru Gunnar Örn Marteinnsson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Bjarnason og Björgvin Skafti Bjarnason.

Skafti setti fund þar sem hann er með lengstan starfsaldur hreppsnefndarfulltrúa og stýrði kjöri oddvita samkvæmt fundarsköpum. Að svo búnu tók nýkjörinn oddviti við fundarstjórn.

1. Kosning oddvita og varaoddvita

Gunnar Örn Marteinnsson kjörinn oddviti með 3 atkvæðum.

Jón Vilmundarson kjörinn varaoddviti með 3 atkvæðum.

2. Nefndarskipan samkvæmt fundarsköpum Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Almannavarnanefnd

Gunnar Örn Marteinnsson aðalmaður.

Jón Vilmundarson varamaður.

Skipulags og byggingarnefnd

Jón Vilmundarson aðalmaður með 3 greiddum atkvæðum. Oddur og Skafti sitja hjá.

Gunnar Örn Marteinnsson varamaður með 4 greiddum atkvæðum. Oddur situr hjá.

Félagsmálanefnd

Harpa Dís Harðardóttir aðalmaður með 3 greiddum atkvæðum.

Oddur situr hjá Skafti á móti.

Birna Þorsteinsdóttir Reykjum varamaður með 3 greiddum atkvæðum.

Skafti og Oddur sitja hjá.

Brunavarnarnefnd

Ólafur Leifsson aðalmaður með 5 greiddum atkvæðum.

Tryggvi Steinarsson varamaður með 3 greiddum atkvæðum. Skafti og Oddur sitja hjá.

Héraðsnefnd

Gunnar Örn Marteinnsson aðalmaður öllum atkvæðum.

Jón Vilmundarson varamaður með öllum atkvæðum.

Hússtjórn Þjóðveldisbæjar

Sigrún Guðlaugsdóttir aðalmaður með 3 atkvæðum.

Páll Ingi Árnason varamaður með 3 atkvæðum. Oddur og Skafti sitja hjá.

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Gunnar Örn Marteinnsson aðalmaður með 5 atkvæðum.

Jón Vilmundarson varamaður 5 atkvæðum

Ráðgjafanefnd um friðun Þjórsárvera

Jón Vilmundarson aðalmaður með 3 atkvæðum. Oddur og Skafti á móti.

Tryggvi Steinarsson varamaður með 3 atkvæðum. Oddur á móti, Skafti situr hjá.

Skólanefnd

Aðalmenn

Jón Vilmundarson formaður
Ingvar Hjálmarsson
Halla Sigríður Bjarnadóttir
Helga Kolbeinsdóttir
Lára Jónsdóttir

Varamenn

Jóhannes Sigurðsson
Berglind Bjarnadóttir
Georg Kjartansson
Meike E. Witt
Jóhanna Valgeirsdóttir

Fræðslunefnd Flúðaskóla

Aðalmenn

Ingvar Hjálmarsson
Lára Jónsdóttir

Varamenn

Jón Vilmundarson
Sigurður Kárasón

Skoðunarmenn hreppsreikninga

Aðalmenn

Viðar Gunngeirsson
Birna Þorsteinsdóttir

Varamenn

Jónas Yngvi Ásgrímsson
Bjarni Ó Valdimarsson

Kjörstjórn

Aðalmenn

Þuríður Jónsdóttir formaður
Bergljót Þorsteinsdóttir
Sigurður Steinþórsson

Varamenn

Kristjana Gestsdóttir
Þorgeir Vigfússon
Viðar Gunngeirsson

Aðalfundur SASS

Aðalmenn

Gunnar Örn Marteinson
Harpa Dís Harðardóttir
Oddur Bjarnason

Varamenn

Jón Vilmundarson
Sigrún Guðlaugsdóttir
Björgvin Skafti Bjarnason

Sorpstöð Suðurlands

Gunnar Örn Marteinson aðalmaður
Harpa Dís Harðardóttir varamaður

Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Aðalmenn

Gunnar Örn Marteinson
Harpa Dís Harðardóttir
Oddur Bjarnason

Varamenn

Jón Vilmundarson
Sigrún Guðlaugsdóttir
Björgvin Skafti Bjarnason

Aðalfundur Skólaskrifstofu Suðurlands

Aðalmenn

Gunnar Örn Marteinsson

Harpa Dís Harðardóttir

Oddur Bjarnason

Varamenn

Jón Vilmundarson

Sigrún Guðlaugsdóttir

Björgvin Skafti Bjarnason

Aðrar nefndir skipaðar á næsta fundi.

3. Yfirstjórn sveitarfélagsins

Núverandi launasamningur við Gunnar Örn Marteinsson framlengist þar til annar verður lagður fram.

Bókun:

N- listi Nýir tímar Nýtt afl leggur áherslu á gegnsæja og opna stjórnsýslu meðal annars með því að auglýsa og ráða faglega í stöðu sveitarstjóra þar sem allir hafi jafnt og hlutlaust aðgengi að sveitarstjórninni.

Oddur Guðni Bjarnason.

4. Fundartími

Sveitarstjórn samþykkir að fundir byrji venjulega kl.13 fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði sbr. Fundarsköp.

5. Vegamál.

Oddvita falið að fá kostnaðartölur í bundið slitlag á götur í Brautarholti og Árnesi.

Fundi slitið kl. 15:15



Lestrarfélag Skeiða –og Gnúpverjahrepps Brautarholti



Bókasafnið opnar aftur eftir sumarfrí
þann 16. ágúst og opið verður eins og áður.

Mánudaga kl. 16—18

Miðvikudaga kl. 16—18

Fimmtudaga kl. 20—22

bokasafn@skeidgnup.is S: 486-5505

Heilsíð upp á góðar bækur!

Forstöðumaður.



Þessar blómarósir voru að vinna í Vinnuskólanum í sumar. Silvía Anna Davíðsdóttir t.v. og Hildur Birna Vignisdóttir. Alls voru 10 krakkar í Vinnuskóla hreppsins í ár og var það mál manna að krakkarnir hefðu

staðið sig mjög vel og ættu skilið hrós fyrir dugnað og þróðmennsku. Vonandi fannst þeim sjálfum sumarið gott.

Viola Snyrtistofa á Flúðum

Högnastíg 1

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsböð
Húðhreinsun
Litun og plokkun
Handsnyrting
Fótsnyrting
Förðun
Vaxmeðferð



Hef til sölu húðvörur fyrir bæði dömur og herra frá GUINOT og förðunarvörur frá NO NAME

Tímarpantanir í síma 566-8342 og 856-1599

Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300

Sími í neyðartilvikum 892- 8804

Fjallferð 2010!

Þeir sem hugsa sér að fara á fjall á Gnúpverjaafrétti þurfa að hafa samband við Lilju fyrir 20. ágúst n.k. Síminn er 847-8162. Þeir sem liggja með búnað frá í fyrra (vesti) eru beðnir um að skila þeim sem fyrst. Afréttarnefnd.



OPINN DAGUR

LAUGARDAGINN 28. ÁGÚST

FRÁ KL. 14.00 TIL KL. 17.00

VERÐUR OPINN DAGUR

Í SKAFTHOLTÍ Í GNÚPVERJAHREPPÍ.

LÍFRÆN GRÆNMETIS- OG VEITINGASALA.

ALLIR VELKOMNIR.

Skaftholtsréttir, föstudaginn 10. september.

Reykjaréttir, laugardaginn 11. september .



F.v. Birgir Frederiksen, Gylfi Sigríðarson, Ólafur Jónsson, Lilja Loftsdóttir, Jón Bragi Bergmann og Sigrún Helgadóttir. Þessi vaska sveit fór fyrir um mánuði síðan inn í Tjarnarver og girti þar upp fjárgærði og hestagirðingu. Nú er allt til reiðu þegar fjallmenn koma með fé og hesta.

Myndin hér til hægri er merkileg fyrir þær sakir að þeir þrír burðarstaurar sem eru fremstir á mynd voru þeir einu af burðarstaurunum sem settir voru niður án þess að frost væri í jörð þegar grafið var fyrir.



Vel var unnið og lengi dags, en svo var slegið á léttari strengi og hér leikur Ólafur á harmonikkku og Lilja syngur sálm nr. 504 Ástarfaðir himinhæða, á pallinum í Tjarnarveri.

Vetraropnun sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Skeiðalaug s: 486 5500 - Neslaug s: 486 6117

	<u>Skeiðalaug</u>	<u>Neslaug</u>
Mánudaga:	lokað	17 – 21
Þriðjudaga:	17 – 21	lokað
Miðvikudaga:	lokað	17 – 21
Fimmtudaga:	17 – 21	lokað
Föstudaga:	lokað	lokað
Laugardaga:	13 – 17	13 – 17
Sunnudaga:	lokað	lokað

Munið að allir 18 ára og yngri sem eiga lögheimili í
Skeiða- og Gnúpverjahreppi fá frítt í sund! Sundgler-
augu og fleiri vörur tengdar sundi eru seldar
í sundlaugunum.

Sundlaugarverðir!



Seggjasæti við Gaukshöfða!



Samkv. Njálssögu var Gaukur Trandilsson veginn af Ásgrími Elliða-Grímssyni fósturbróður sínum þar sem hann sat fyrir honum við Seggjasæti í Gaukshöfða. Líklega fyrir að hafa verið helst til hlýlegur við húsfreyjuna á Steinastöðum sem einmitt var skyld Ásgrími.

Seggjasæti er á miðri mynd, Þjórsá t.v. og fjær Skarðsfjall t.h.

Landbúnaðarverslun



Þvottarefni fyrir..

mjólkurtanka, mjaltakerfi, mjaltapjóna, eldhúsið og þvottahúsið



Kústar, kvíslar
sleggjur og
járnkarlar

Salernispappír
og þurrkur
ýmisskonar



LANDSTÓLPÍ 

Sjón er sögu ríkari

Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss

Sími 480 5600
landstolpi.is

02. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps miðvikudaginn 30. júní 2010 í Árnesi kl. 13:00.

Mætt voru Gunnar Örn Marteinson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Bjarnason og Björgvin Skafti Bjarnason.

Gunnar setti fund og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

Hreppsnefnd samþykkir að Kristjana Gestsdóttir riti fundargerðir sveitarstjórnar hér eftir.

Gunnar óskaði eftir að taka mál um rennslisstýringar í Þjórsá inn á dagskrá fundar, engar athugasemdir gerðar við það.

Dagskrá:

1. Fundargerðir félagsmálanefndar 125. fundur haldinn 25.05.10 og 126. fundur haldinn 08.06.10.
Fundargerðir staðfestar.
2. Fundargerð vegna fundar um samstarf Skeiða-og Gnúpverjahrepps og Hrunamannahrepps um skólamál og rekstur félagsmiðstöðvarinnar Zero.
Fundargerð lögð fram.
3. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands 127. fundur haldinn 02.06.10.
Fundargerð lögð fram.
4. Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands 190. fundur haldinn 20.05.10.
Fundargerð lögð fram.
5. Tillaga að breytingu á 51. gr. samþykkt um stjórn og fundarsköp Skeiða-og Gnúpverjahrepps.
Breytingar gerðar á 4., 6., 7., 18., og 20. lið og tillögunni vísað til annarrar umræðu á næsta fundi sveitarstjórnar.
6. Nefndarskipanir, skipan í þær nefndir sveitarfélagsins sem ekki var skipað í á síðasta fundi en með fyrirvara um staðfestingu samþykkis ráðuneytis á breytingartilögu á 51. gr.

Aðalfundur Afréttamálafélags Flóa og Skeiða.

Aðalmenn

Jón Vilmundarson
Jökull Helgason

Varamenn

Ingvar Hjálmarsson
Hermann Þór Karlsson

Atvinnu, fjarskipta og samgöngunefnd

Aðalmenn

Einar Bjarnason
Georg Kjartansson
Sigrún Bjarnadóttir
Jón Einar Valdimarsson
Jónas Yngvi Ásgrímsson

Varamenn

Vignir Svavarsson
Leifur Stefánsson
Anna Kristjana Ásmundsdóttir
Aðalsteinn Guðmundsson
Ágúst Guðmundsson

Menningar, æskulýðs, velferðarnefnd og jafnréttisnefnd

Aðalmenn

Sigrún Guðlaugsdóttir
Þóra Gylfadóttir
Daði Viðar Loftsson
Meike Erika Witt
Jóhanna Lilja Arnardóttir

Varamenn

Bjarni Ófeigur Valdimarsson
Magnea Gunnarsdóttir
Þóra Þórarinsdóttir
Vigdís Guðjónsdóttir
Rosemarie Brynhildur Þorleifsdóttir

Afréttarnefnd Gnúpverjaafréttar

Aðalmenn

Lilja Loftsdóttir
Bjarni Músson
Oddur Bjarnason

Varamenn

Eiríkur Jónsson
Birkir Þrastarson
Bjarni Hjaltason

Umhverfisnefnd

Aðalmenn

Vilborg María Ástráðsdóttir
Úlfhéðinn Sigurmundsson
Björgvin Þór Harðarson
Sigprúður Jónsdóttir
Stefanía Sigurðardóttir

Varamenn

Sigríður Ósk Jónsdóttir
Matthildur Vilhjálmisdóttir
Páll Ingi Árnason
Sigurður Steinþórsson
Hulda Margrét Þorláksdóttir

7. Vinnureglur við boðun sveitarstjórnarfunda.

Tillaga lögð fram.

Sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps samþykkir að fundarboð og fundagögn vegna sveitarstjórnarfunda verði send sveitarstjórnarfólki með tölvupósti, jafnframt skal sveitarstjórnarfólk látið vita símleiðis ef um er að ræða fundi sem eru utan reglulegra fundatíma sveitarstjórnar. Sveitarstjórnarfólk skal fá fartölvur til nota við störf sín þar á meðal á sveitarstjórnarfundum. Tölvurnar verða eign sveitarstjórnarfólks að kjörtímabili loknu. Sveitarfélagið skaffar sveitarstjórnarfólki tölvupóstfang sem notað verður í störfum fyrir sveitarfélagið.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og oddvita falið að leita hagstæðra tilboða í fartölvur og vísar til endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar.

8. Launakjör sveitarstjórnarfólks kjörtímabilið 2010 til 2014.

Launakjör hreppsnefndar: Hreppsnefnd Skeiða –og Gnúpverjahrepps samþykkir að launakjör hreppsnefndarfólks í hreppsnefnd skuli vera eftirfarandi á kjörtímabilinu 2010 - 2014. Föst greiðsla á mánuði fyrir fundi í sveitarstjórn skal vera 45.000.kr. Greiðsla fyrir fundi sem sveitarstjórnarfólk sækir sem fulltrúar sveitarfélagsins skal vera 4% af þingfararkaupi fyrir fund. Varamenn sem taka sæti í sveitarstjórn fá 4% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Laun skulu taka sömu breytingum og verða á þingfararkaupi skv. lögum nr. 88/1995. Hreppsnefndar fólk fær ekki greitt fyrir akstur

sem inntur er af hendi innansveitar, en fær greitt fyrir akstur samkvæmt akstursbók sé um fundi að ræða utansveitar. Ekki er greitt fyrir fundarsetu, stjórnarsetu, eða akstur í þeim nefndum sem sjá sjálfar um uppgjör við sitt nefndarfólk.

9. Starfssamningur oddvita, meðfylgjandi drög að samningi uppsettum af endurskoðanda. Oddviti vék af fundi. Sveitarstjórn samþykkir framlögð drög að starfssamningi oddvita og felur varaoddvita undirritun.

10. Erindi frá UMFG þar sem reifaðar eru þeirra hugmyndir að uppbyggingu íþróttaaðstöðu við félagsheimilið Árnes. Fulltrúar félagsins mæta á fundinn og fylgja erindinu eftir. Fulltrúar UMFG, Einar Gestsson og Daði Viðar Loftsson boðnir velkomnir á fundinn og skýrðu þeir hugmynd sýna varðandi uppbyggingu á íþróttaaðstöðu við Félagsheimilið Árnes.

11. Staðfesting Umhverfissráðuneytis á samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Skeiða-og Gnúpverjahreppi. Staðfesting lögð fram.

12. Erindi frá Matvælastofnun varðandi samræmingu á smölun milli Hvítár og Þjorsár og slátrun fjár sem smithætta kann að stafa af.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar. Sveitarstjórn óskar eftir frekari upplýsingum frá Matvælastofnun um málið.

13. Erindi frá Landgræðslunni vegna endurreisnar girðingar á Hafinu. Oddvita er falið í samvinnu við Landgræðsluna, að vinna að lausn málsins, í samræmi við minnisblað eftir fund oddvita og Landgræðslunnar 16.06.2010. Jafnframt óskar sveitarstjórn eftir upplýsingum um hvað Landgræðslan hefur gert á umræddu svæði á undanförunum árum. Ennfremur er óskað eftir ástandsmati landsins og hve langan tíma taki að mati landgræðslustjóra að uppfylla 3. gr. samningsins.

Bókun frá Oddi G. Bjarnasyni.

Þann 14. desember 1999, var undirritaður samningur milli Landgræðslu ríkisins og Gnúpverjahrepps um uppgræðslu lands á Hafinu á Gnúpverjaafrétti. Svæðið var girt af, samningurinn var þinglýstur. Með þeim samningi varð landið undir forsjá Landgræðslunnar þar til það telst svo vel gróið að mati landgræðslustjóra að eigi nauðsyn á frekari aðgerðum af hendi landgræðslunnar. Nú bar svo við sumarið 2009 að umrædd girðing var rifin án vitundar eigenda (Landgræðslu ríkisins) en með vitund sveitarstjórnar/oddvita. Þessi gjörningur getur sett í uppnám 50 ára farsælt samstarf um uppgræðslu á Gnúpverjaafrétti og einnig haft áhrif á landnýtingarþátt gæðastýringar í sauðfjárrækt. Hvernig stóð á þessum mistökum sveitarfélagsins og af hverju hefur landgræðslugirðingin ekki verið sett upp aftur eins og Landgræðslan hefur farið fram á.

14. Erindi frá Umhverfissráðuneyti vegna aðgerðaráætlunar gegn utanvegarakstri. Sveitarstjórn tekur jákvætt í aðgerðaráætlun gegn utanvegarakstri og lýsir sig reiðubúna til samstarfs við Umhverfissráðuneytið.

15. Fundargerðir félagsmálanefndar 103. fundur haldinn 19.05.2008 og 104. fundur haldinn 03.06.2008. Fundargerðir staðfestar.
16. Staðfesting Umhverfisstofnunar á aðalskipulagsbreytingum í landi Minna-Hofs og Miðhúsa v/efnistökusvæða. - Staðfesting lögð fram.
17. Erindi frá umhverfisstofnun v/viðmiðunartaxta vegna refa og minkaveiða. Lagt fram.
18. Farið yfir viðhaldsverkefni hjá sveitarfélaginu. Oddviti sagði frá þeim viðhaldsverkefnum sem verið er að vinna á vegum sveitarinnar.
19. Rennslisstýringar í Þjórsá. Sveitarstjórn beinir því til Landsvirkjunar að sveitarstjórn telji eðlilegt að þegar lón virkjana eru full verði náttúrulegt rennsli Þjórsár látið ráða.
20. Oddur Bjarnason reifaði mál um að auðvelda fólki að kynna sér ítarefni með fundarboði hreppsnefndar. Ritara falið að útfæra hugmyndina.

Mál til kynningar:

- A. Bréf frá Vinnueftirliti v/eftirlits í byggingar- og mannvirkjagerð, hertar aðgerðir.
- B. Bréf frá velferðarvaktinni v/aðstæðna barna og ungmenna í því erfiða ástandi sem nú ríkir.
- C. Bréf frá Félagi leikskólakennara varðandi ráðningarmál í leikskólum.

Fleira ekki. Fundi slitið 16:50

Á bak við eldavélina.

Pasta m/beikoni og sveppum

1 ltr vatn

Sveppir 1 askja, sneiddir

Villisveppaostur ½ stk

1 Laukur

Knorr grísakraftur, 1 teningur

3 rif hvítlaukur

6-8 beikonsneiðar, skornar smátt

¼ ltr rjómi - matarolía



Kraumið beikon sveppi og lauk í olíu í 10 mín (má ekki brenna) bætið hvítlauk út í.

Setjið vatn ásamt kjötkrafti í pott, látið hitna, setja sveppaost út í og og síðan sveppamaukið. Látið malla í 10 mín, hella rjóma út í, krydda með salti og pipar eftir smekk.

Sjóða 1 pakka pasta t.d. penne eða spaghetti, hella vatni af og setja í skál og síðan sósuna yfir. Gott salat og jafnvel brauð sem meðlæti.

Skora á Birgi í Hraunteig að galdra fram kræsingar fyrir næsta Fréttabréf.

Kær kveðja. Gunnar Egilsson

Útskriftin 2010!



Fleiri útskrifuðust á s.l. vori en getið var um í síðasta Fréttabréfi.

Frá FSu Selfossi 21. maí brautskráðist af félagsfræðibraut

Guðný Stefanía Tryggvadóttir í Hlíð. Hún tók þennan áfanga á 3 árum eins og þær Árný Fjóla Ásmundsdóttir í Norðurgarði og Sigríður Sóley Sveinsdóttir í Reykjahlíð, og er ekki á allra færi.

Heimilisfang Árnýjar svar ranglega skráð í síðasta Fréttabréfi og er beðist velvirðingar á því. Hún á að sjálfsögðu heima í Norðurgarði þó ættir hennar megi rekja á Hlemmiskeið.



Úr Tækniskóla Íslands 21. maí útskrifaðist

Vilmundur Jónsson sem stúdent og með 4. stigs próf í vélstjórn og systir hans Tinna Jónsdóttir lauk B.Sc. 90 í jarðfræði. frá Háskóla Íslands þann 12. júní.

Vorið 2009 lauk Sigurður Unnar Sigurðsson, Skarði B.Sc. í Byggingartækni-fræði frá Háskólanum í Reykjavík og lauk svo M.Sc. í Byggingarverkfræði frá sama skóla vor 2010.

Meistaraprófsritgerð hans heitir: *Nærsviðsáhrif – Hönnunarforsendur mannvirkja á upptakasvæðum jarðskjálfta.*



Innilega til hamingju með þennan áfanga öll!

Tveir kettlingar gefins!

2 kettlingar fást gefins.

Svartur og hvítur fress og grá og hvít læða ☺

Þau eru bæði kassavön og mjög mannelsk ☺



Upplýsingar í síma 844-1123 (Gunnhildur) eða
486-6006 (Versl. Árborg)

Fréttakorn frá vinum Skaftholtsréttu, sýnikennsla í veggjahleðslu.

Það er flestra manna mat, að mikil staðarþrói sé af réttunum okkar. Eins og allir unnendur Skaftholtsréttu vita hefur gríðarleg vinna verið lögð í endurgerð Skaftholtsréttu og umhverfi þeirra bætt og fegrað.

Kynning og fræðsla um sögu þeirra er líka hafin, en að okkar mati, sem næst stöndum þessum góða og virka félagsskap, eru réttirnar með allri sinni merku sögu einn megin menningar-möndull sveitarinnar. Nú í haust stendur til að vönduð og yfirgripsmikil grein um Skaftholts-réttir eftir Árdísi Jónsdóttur, Eystra – Geldingaholti, birtist í Árnesingi, árbók Sögufélags Árnes-inga. Allt er þetta gott og þakkarvert framtak, en áfram skal haldið.

Stjórn vinafélagsins hefur ákveðið að efna til samverustundar í Skaftholtsréttum sunnudaginn 29. ágúst næstkomandi og hefst hún klukkan 10:00 árdegis.

Þá er ætlunin að bjóða öllum sem áhuga hafa á að taka þátt í sýnikennslu í veggjahleðslu úr hraungrýti. Til stendur að forma og hlaða hestarétt þarna á staðnum, ætlaða öllum sem þarna eiga leið um, hvort heldur sem er í leik eða starfi.

Ennfremur er stefnt að því að fegra og snyrta réttarstæðið fyrir sjálfan réttardaginn, föstudaginn 10. september næstkomandi.

Við eigum birgðir af góðu grjóti, sem reyndar er illfáanlegt í dag og einnig teljum við okkur eiga margar áhugasamar og vinnufúsar hendur. Kennslu og verki stýrir Kristján Gunnarsson garðyrkjumeistari, en hann stýrði endurhleðslu réttanna. Boðið verður upp á hressingu í hádeg-inu. Þeir sem eru knappir á tíma þennan dag vegna annarra skylduverka, ættu samt að gefa sér tíma til að líta við og sjá það sem þarna er um að vera, og fá þannig tilfinningu fyrir verklagi og framkvæmd á grjóthleðslu. **Við hlökkum til að sjá þig pig sunnudaginn 29. ágúst.**

Í framkvæmdastjórn.

Kristján Guðmundsson
Lilja Loftsdóttir
Sigurður Steinþórsson



Myndirnar sýna Skaftholtsréttir og hvað hægt er að gera úr íslenska hrauninu, þar sem gott verklag og hugvit hleðslu-manna fer saman.

03. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 10. ágúst 2010 í Árnesi kl. 13:00

Mætt: Gunnar Örn Marteinsson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni, Bjarnason og Björgvin Skafti Bjarnason. Kristjana H. Gestsdóttir ritaði fundargerð. Gunnar setti fund og hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

Dagskrá:

1. Fundargerð fulltrúaráðs Brunavarna Árnessýslu, 85. fundur haldinn 14.07.10.
Fundargerð lögð fram.
2. Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands 191. fundur haldinn 29.06.10.
Fundargerð lögð fram.
3. Fundargerð stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 293. fundur haldinn 07.07.10.
Fundargerð lögð fram.
4. Fundargerð stjórnar SASS 434. fundur haldinn 25.06.10.
Fundargerð lögð fram.
5. Fundargerð skipulags-og byggingarnefndar 25. fundur haldinn 25.06.10. jafnframt lagðar fram fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa fundir nr. 45,46,47.
Fundargerð skipulags- og byggingarfulltrúa fundur nr. 25 staðfest.
Afgreiðslufundargerðir byggingarfulltrúa nr. 45, 46,47 lagðar fram.
6. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða-og Gnúpverjahrepps 2004-2014 á spildu úr landi Álfsstaða. Í breytingunni felst að á um 7 ha svæði innan 44,8 landsspildu sem kallast Hulduheimar breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð. Ástæða breytingarinnar eru áform um að reisa nokkur frístundahús á svæðinu, en meginhluti landsins verður þó áfram nýtt sem landbúnaðarland. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins er auglýst samhlíða. Tillagan var auglýst 6. maí 2010 ásamt tillögu að deiliskipulagi svæðisins með athugasemdafresti til 18.júní.Engar athugasemdir bárust. Aðalskipulagsbreytingin er samþykkt skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga.
7. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða-og Gnúpverjahrepps 2004-2016 innan þéttbýlisins í Brautarholti.
Um er að ræða breytingar á þéttbýlisuppdraetti sem nær yfir Brautarholt á Skeiðum:
 - * Svæði meðfram þjóðvegi sem skilgreint er sem blönduð landnotkun verslunar- og athafnasvæðis breytist í opið svæði til sérstakra nota,
 - * Hluti opins svæðis vestan núverandi íbúðarbyggðar verður að íbúðarsvæði.
 - * Verslunarsvæði minnkar og verður hluti þess næst þjóðveginum blandað athafna- og verslunarsvæði og hluti þess verður íbúðarsvæði.
 - * Gert er ráð fyrir iðnaðarlód fyrir hreinsistöð sunnan við nýtt íbúðarsvæði.Tillagan var auglýst 6. maí 2010 ásamt tillögu að deiliskipulagi svæðisins með athugasemdafresti til 18.júní. Engar athugasemdir bárust. Aðalskipulagsbreytingin er samþykkt skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga.
8. Tillaga að breytingu á 51. gr samþykktu um stjórn og fundarsköp Skeiða-og Gnúpverjahrepps áður ræddar á fundi sveitarstjórnar 30.06.10.

51. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. Oddvitakjör. Oddviti og varaoddviti skv. 14. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
2. Aðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Þrír fulltrúar og þrír til vara samkvæmt samþykktum samtakanna.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða/og öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum

1. Aðalfundur Afréttamálafélags Flóa og Skeiða. Tvo fulltrúa og tvo til vara, sbr. ákvæði í fjall skilasamþykkt og lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.
2. Almannaþingarnefnd Árneseinga einn fulltrúa og einn til vara skv. 8. gr. laga um almannaþingarnir nr. 94/1962.
3. Atvinnu, fjarskipta, og samgöngunefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera hreppsnefnd til ráðuneytis í þessum málaflokkum, hafa frumkvæði að tillögugerð á þessum sviðum til hreppsnefndar og vera umsagnaraðili í þessum málaflokkum til dæmis varðandi úthlutanir úr atvinnuefningarsjóði.
4. Menningar, æskulýðs, velferðar- og jafnréttisnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera hreppsnefnd til ráðuneytis í þessum málaflokkum, hafa frumkvæði að tillögugerð á þessum sviðum til hreppsnefndar og vera umsagnaraðili í þessum málaflokkum. Nefndin fer einnig með málefni bókasafnsins skv. 7. gr. laga um almenningabókasöfn nr. 36/1997 og jafnréttismál samkvæmt ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
5. Skipulagsnefnd uppsveita Árneseyslu. Einn fulltrúi og einn til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og samningi sveitarfélaganna um sameiginlega skipulags og byggingarnefnd.
6. Félagsmálanefnd uppsveita Árneseyslu. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og samningi sveitarfélaganna um sameiginlega félagsþjónustu.
7. Afréttarnefnd Gnúpverjaafréttar. Nefndin sér um niðurröðun fjallskila og er sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi málefni Gnúpverjaafréttar. Nefndin verði skipuð fjallkóngi, og tveimur öðrum af hreppsnefnd.
8. Fulltrúaráð Brunavarna Árneseyslu. Einn fulltrúi og einn til vara samkvæmt samþykktum Brunavarna Árneseyslu.
9. Héraðsnefnd Árneseinga. Einn fulltrúi og einn til vara samkvæmt samningi um Héraðsnefnd.
10. Húsnæðisnefnd. Hreppsnefnd fer með verkefni húsnæðisnefndar samkvæmt ákvæðum laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
11. Hússtjórn Þjóðveldisbæjar í Þjórsárdal. Einn fulltrúi og einn til vara samkvæmt málum um Þjóðveldisbæinn, dags. 19. júlí 2002.
12. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga. Einn fulltrúi og einn til vara, sbr. lög sambandsins.
13. Ráðgjafarnefnd um friðun Þjórsárvera. Einn fulltrúi og einn til vara.
14. Skipulagsnefnd. Hreppsnefnd fer með verkefni skipulagsnefndar samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
15. Skoðunarmenn. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
16. Fræðslunefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
17. Fræðslunefnd Flúðaskóla. Tveir fulltrúar og tveir til vara samkvæmt samkomulagi við Hrunamannahrepp.
18. Stjórn hitaveitu í Brautarholti, kaldavatnsveitu í Árnesei, og annarra veitumannvirkja sem

- sveitarfélagið hefur aðkomu og heyra undir hreppsnefnd.
19. Þjónustuhópur aldraðra. Starfar skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og í honum skal vera einn sameiginlegur fulltrúi fyrir sveitarfélög sem aðild eiga að Laugarásslæknishéraði. Samkvæmt erindisbréfi sameiginlegrar félagsmálanefndar uppsveita Árnessýslu skal formaður hennar vera fulltrúi sveitarfélaganna sem að henni standa í umboði sveitarstjórna á heilsugæslusvæðinu.
20. Umhverfisnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999.
21. Yfirkjörstjórn. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
9. Tillaga að nefndarlaunum í Skeiða-og Gnúpverjahreppi 2010 til 2014
Sveitarstjórn samþykkir að laun nefndarmanna sveitarfélagsins verði eftirfarandi: Almennar nefndir fyrir utan skólanefnd fá kr. 7.500,- fyrir hvern fund en formaður 12.000. Almennir skólanefndarmenn fá kr. 12.500,- fyrir hvern fund en formaður 25.000,- Ekki er greitt sérstaklega fyrir akstur. Kjörstjórn fær 7.500,- fyrir hvern fund en formaður 12.000,- Kjölfundur vegna sveitarstjórnarkosninga verður metinn sem sex fundir en aðrir kjölfundir svo sem Alþingiskosningar sem fimm fundir. Greitt verður sérstaklega fyrir akstur samkvæmt akstursdagbók.
10. Samningur við Tónsmiðju Suðurlands og ósk um framlengingu á honum.
Sveitarstjórn samþykkir framlengingu á samningi við Tónsmiðju Suðurlands enn fremur að endurskoða framlög til tónlistarnáms við gerð næstu fjárhagsáætlunar.
11. Ósk um styrk til byggingar stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Afgreiðslu erindis frestað til næsta fundar og óskað eftir frekari upplýsingum um málið.
12. Ósk um styrk vegna skólahreysti 2010. Samþykkt að veita kr. 50.000.- til verkefnisins.
13. Svar frá Landgræðslunni vegna fyrirspurnar um áætlanir varðandi landgræðslugirðingar á Hafinu. Lagt fram.
14. Erindi frá Matvælastofnun varðandi samræmingu á smölun milli Hvítár og Þjósár og slátrun fjár sem smithætta kann að stafa af, áður á dagskrá sveitarstjórnarfundar 30.06.10. Sveitarstjórn samþykkir tillögu Matvælastofnunar frá 16. júlí 2010 varðandi samræmingu á smölun milli Hvítár og Þjósár og slátrun fjár sem smithætta kann að stafa af.
15. Upplýsingar frá Lánasjóði Sveitarfélaganna vegna niðurfærslu eigin fjár 2010. Lagðar fram.
16. Matarsmiðjuverkefni í uppsveitunum.
Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu og framlag sveitarfélagsins verði í hlutfalli við íbúatölu en leggur jafnframt áherslu á að verkefnið nái til allrar matvælaframleiðslu á svæðinu.
17. Erindi frá Landsvirkjun vegna stækkunar friðlands í Þjósárverum.
Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu og felur oddvita að koma á fundi.

18.Farið yfir mál varðandi Þjórsárstofu.

19.Nefndarskipan. Í stjórn Byggðasamlags Skipulags- og byggingarfulltrúaembættis.
Gunnar Örn Marteinsson

20.Erindi frá Berleif og Jóhönnu varðandi rekstur Gistiheimilisins Nónsteins.

Oddvita falið að útfæra hugmyndir að rekstrinum og leggja fram á næsta sveitarstjórnarfundi.

Mál til kynningar:

A. Fundargerð stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga 775. fundur.

B. Erindi frá Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytis vegna aukaframlaga 2010.

C. Erindi frá Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytis þar sem gerð er grein fyrir úthlutun framlaga til sveitarfélaganna árið 2010.

D.Boðun á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

E.Uppgjör vegna landnámsdags 2010.

Fleira ekki. Fundi slitið kl. 17:00.



Sveitarstjórn Skeiða– og Gnúpverjahrepps 2010 –2014 talið frá vinstri.

Oddur Guðni Bjarnason, N lista, Björgvin Skafti Bjarnason, E lista , Gunnar Örn Marteinsson, oddviti , K lista, Jón Vilmundarson, K lista og Harpa Dís Harðardóttir, K lista.

Fréttabréfið allt í lit á heimasíðunni
www.skeidgnup.is/Þjónusta/Fréttabréf

Ókeypis kynning /námskeið

Skógræktin og Þjórsárskóli standa fyrir kynningu á samstarfi sínu. Hún er ætluð öllum í samfélaginu, foreldrum, eldra fólki, systkinum, áhugasömum og öllum sem vilja kynnst gerð nytjahluta úr skógarefni.

Kynningin er í formi námskeiðs þar sem verkefni og starf er kynnt með gerð hagnýtra hluta fyrir þátttakendur. Gerðir verða nytjahlutir, t.d. krúsir, ausur, sleifar, kollar, bekkir, sem nýtast þátttakendum heima. Lagt er upp með að kynna vinnubrögð og möguleika í nýtingu skógarafurða. Skógræktin gefur allt efni og Þjórsárskóli lána verkfæri og aðstöðu. Hver og einn fær sína hluti með sér heim að loknu námskeiði. Námskeiðið verður haldið

fimmtudaginn 2. september kl. 14-18 á lóð Þjórsárskóla.

Skráningar sendist á netfangið inga@thjorsarskoli.is eigi síðar en 30. ágúst eða hafið samband í síma 486-6000 fyrir þann tíma.



**Skógrækt
ríkisins**

Skólapróunarverkefni

Myndirnar sýna göngubré yfir Sandá, og hana lygna við Selhöfðann.



**Næsta fréttabréf kemur út miðvikudaginn 15. sept.
Skilafrestur efnis til 10. september.**

Umsjón: Kristjana H. Gestsdóttir, frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Gunnar Örn Marteinsson, oddviti

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er opin mánudaga-fimmtudaga

kl. 9—12 og 13—15. Sími 486-6014 Fax 486-6091

Sími í Áhaldahúsi 893-4426 (Ari) - www.skeidgnup.is